



Viðtakandi: Mannréttindaráð
Sendandi: Mannréttindaskrifstofa

Reykjavík, 15. apríl 2026

MSS25010076

UMSÖGN

Úttekt á kynþátta- og menningarfordómum og birtingarmyndum þeirra innan stofnana Reykjavíkurborgar

Á fundi mannréttindaráðs þann 26. febrúar 2026, var samþykkt að vísa tillögum að aðgerðum í Úttekt á kynþátta- og menningarfordómum og birtingarmyndum þeirra innan stofnana Reykjavíkurborgar, til umsagnar og kostnaðarmats til mannauðs- og starfsumhverfissviðs og mannréttindaskrifstofu. Óskað var umsagnar með bréfi mannréttindaskrifstofu dags. 6. mars sl.

Umsögn mannréttindaskrifstofu:

Mat mannréttindaskrifstofu er að tillögum 1. – 3. í skýrslunni Úttekt á kynþátta- og menningarfordómum og birtingarmyndum þeirra innan stofnana Reykjavíkurborgar, ætti að vísa til mannréttindaskrifstofu til frekari útfærslu. Þær verði hluti af aðgerðaráætlun í jafnréttis- og mannréttindamálum fyrir árin 2027 – 2030. Aðgerðaráætlunin byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, 13. gr. laga um stjórnslu jafnréttismála og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Aðgerðaráætlunin verður lögð fyrir borgarstjórn til samþykktar vorið 2027.

Aðgerðirnar í tillögum 1.-3. rúmast innan fjárheimilda mannréttindaskrifstofu.

Tillögum 4.- 7. verði vísað til mannauðs- og starfsumhverfissviðs til frekari útfærslu.

Tillögu 8. verði vísað til mannréttindaskrifstofu og mannauðs- og starfsumhverfissviðs til frekari útfærslu.

Virðingarfyllst,
Anna Kristinsdóttir
Mannréttindaskrifstofa
Miðlæg stjórnslu



Reykjavík